

**110** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Þuríðar Bárðardóttur 26. ágúst ljósmóður, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. ágúst 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður.

### 1. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — samkv. III. lið arfleiðsluskrár hennar. Stofnféð skal leggja á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, og skal leggja helming árlegra vaxta við höfuðstólinn, unz hann er orðinn 100 þús. kr., síðan  $\frac{1}{5}$  hluta unz sjóðurinn nær 150 þús. Upp frá því leggst ávallt  $\frac{1}{10}$  hluti árlegra vaxta við höfuðstólinn. Berist eitthvert ár eigi umsókn eða ef af einhverjum öðrum ástæðum verður ekki úthlutað eitthvert ár, skulu allir vextirnir það ár lagðir við höfuðstólinn. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalítlar ljósmæður, sem hafa látið af störfum sínum sakir elli eða veikinda. Skal þeim hluta af árlegum vöxtum, sem afgangur verður skv. 1. gr., úthlutað í þessu skyni. Minnsti styrkur, sem veita má hverri einstakri ljósmóður í einu, er 500 kr. Heimilt er landsstjórninni að breyta þessu að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, ef gildi peninga skyldi breytast verulega.

### 3. gr.

Þær konur einar geta orðið aðnjótandi styrks úr sjóðnum, sem hafa stundað ljósmóðurstörf a. m. k. í 10 ár og hafa orðið að láta af því starfi sakir heilsuþrestra, elli eða heimilisástæðum. Hverri styrkbeiðni skulu fylgja meðmæli frá hlutaðeigandi presti eða lækni, og starfandi ljósmóður, sem henni er næst búsett, ásamt skilríkjum fyrir því, að umsækjandi njóti þeirra eftirlauna, sem lög kunna að mæla fyrir um.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: 1 prestur við dómkirkjuna í Reykjavík, ljósmóðir, valin af Ljósmæðrafélagi Íslands, og lækni, sem landlækni velur. Ef Ljósmæðrafélag Íslands skyldi leggjast niður, skal landsstjórnin velja hæfa ljósmóður til þessa starfa. Stjórn sjóðsins ákveður um styrkveitingar, og annast nauðsynleg önnur störf, sem sjóðnum við koma.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Landsstjórnin velur 2 þar til hæfa menn til að endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Skipulagsskrá þessi er sett samkvæmt ákvæði í arfleiðsluskrá Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður, Reykjavík, sem andaðist 3. febrúar 1955, og óskast hún staðfest á venjulegan hátt og birt í B-deild stjórnartíðinda.

Reykjavík, 19. júní 1958.

F. h. d/b Þuríðar Bárðardóttur.

Ólafur A. Pálsson, Ólafur Jóhannesson,  
skiptaforstjórar.